


Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 20810030	Mótt: 9.10.18
Skjalag: 13.11	Dags: 9.10.18
Afgr:	

Sveitarfélagið Hornafjarður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 2. október 2018  
Tilv.: ANR18100027/11.02.07

Efni: Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðisins 2018/2019

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2018/2019, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðisins 2018/2019 er til **1. nóvember 2018**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (**viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. janúar 2018**), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlög.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnnum niðurstöðuna.

Ráðuneytið hefur gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2018/2019, nr. 684, 5. júlí 2018 og reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2018/2019, nr. 685, 5. júlí 2018 og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

  
Jóhann Guðmundsson

  
Annas Jón Sigurdsson